

Félag
Sameinuðu þjóðanna



Kt. 550278-0149
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna
Laugavegi 42
ÍS-101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
IS-150 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2006

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, 40. mál 132. löggjafarþings

Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar Alþingis, dagsett 24. nóvember síðast liðinn, þar sem Félagi Sameinuðu þjóðanna er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skipan nefndar um öryggi og varnir Íslands (þingskjal 40, 40. mál).

Samkvæmt þingsályktunartillögunni yrðu nefndinni sett fimm verkefni, en hér verður einungis tekin afstaða til tveggja þeirra, sem koma fram í 3. og 4. málsgrein.

Samkvæmt þriðju málsgrein yrði nefndinni meðal annars gert að greina stöðu Íslands að alþjóðalögum og hlutverk Íslands í Sameinuðu þjóðunum. Félag Sameinuðu þjóðanna er fylgjandi því að þjóðir skilgreini stöðu sína og hlutverk í samfélagi þjóðanna. Það er mikilvægt að þjóðir leggi sitt af mörkum, hvað þær geta – hver á sínum sviðum.

Í þriðju málsgreininni segir ennfremur: „[s]érstaklega verði fjallað um sögulega arfleifð Íslendinga sem þátttakenda í samstarfi á alþjóðavettvangi og hvert framlag Íslendinga til þjóðaréttar og alþjóðasamfélagsins skuli vera í því ljósi“. Hér verður ekki tekin afstaða til framangreindra orða en Félag Sameinuðu þjóðanna leyfir sér þó að benda á að einnig er mikilvægt að skoða mál út frá stöðu mála í nútímanum, auk þess sem horft sé til framtíðar.

Spurningar vakna eins og: Hver er staða Íslands *í dag*? Hvað getur Ísland lagt af mörkum *í dag*? Hvað gæti Ísland lagt af mörkum *í framtíðinni*? Hver ætti stefnan að vera – hvað vill Ísland geta lagt af mörkum *í framtíðinni*?

Samkvæmt fjórðu málsgrein yrði nefndinni gert að fjalla sérstaklega um erindi og stefnu Íslands í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna með tilliti til framboðs Íslands til ráðsins árin 2009–2010. Félag Sameinuðu þjóðanna fagnar því að þessari málsgrein hafi verið bætt inn í þingsályktunartillöguna frá því hún var flutt á 130. löggjafarþingi.

Markmið Félags Sameinuðu þjóðanna er að vinna almenning í landinu til fylgis og stuðnings við samtök Sameinuðu þjóðanna. Í því augnamiði stendur almenningi skipulega til boða nokkuð magn upplýsinga um alþjóðasamtökin og starfssemi þeirra

ásamt því sem unnið er með fjölmiðlum, skólum o.s.frv. Með því er stjórnvöldum og Sameinuðu þjóðunum veittur bæði stuðningur og eðlilegt aðhald.

Telur Félag Sameinuðu þjóðanna að öll umfjöllun um málefni Sameinuðu þjóðanna, erindi og stefnu Íslands, sé af hinu góða. Íslensk stjórnvöld hafa tekið þá pólitísku ákvörðun að gera Ísland meira gildandi í samfélagi þjóðanna. Þar skipta miklu hinar Sameinuðu þjóðir og undirstofnanir þeirra. Nauðsynlegt er að almenningur á Íslandi eigi þess kost að fylgja þessari þróun og eigi greiðari aðgang að upplýsingum um Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðastarf á þeirra vegum. Ljóst er að stjórnvöld þurfa á stuðningi almennings að halda til að ná þeim markmiðum sem Sameinuðu þjóðunum og undirstofnunum þeirra voru sett fyrir 60 árum síðan.

Félag Sameinuðu þjóðanna telur að Ísland geti lagt mikið af mörkum í alþjóðlegu friðar- og mannréttindastarfi. Sem dæmi geta ríki lagt af mörkum í friðarrannsóknum, lausn alþjóðlegra deilumála, friðargæslu o.s.frv. og jafnvel boðið aðstöðu fyrir starfsemi einhverra undirstofnana Sameinuðu þjóðanna. Eitt nýlegt dæmi um hvað ríki geta lagt af mörkum í síðastnefnda hlutanum er Danmörk, en í byrjun árs 2006 var lýst yfir að til Kaupmannahafnar myndi flytja Skrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir verkefnaþjónustu, UNOPS (e. United Nations Office for Project Services). Eftir flutninginn munu samtals vera þrjár skrifstofur Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn, með samtals um 850 manns í vinnu – þar af þriðjungur Danir.

Þegar ríki gerast aðilar að Sameinuðu þjóðunum taka þau á sig vissar skuldbindingar samkvæmt stofnsáttamála samtakanna. Tilgangur Sameinuðu þjóðanna er fjórþættur samkvæmt stofnsáttmálanum: að viðhalda friði og öryggi í heiminum, þar sem öryggisráðið ber höfuðábyrgð; að stuðla að vinsamlegum samskiptum milli þjóða; að taka þátt í lausn alþjóðlegra vandamála og auka virðingu fyrir mannréttindum; og að vera samráðsvettvangur þjóða.

Ísland hefur lagt mikið af mörkum og mun halda áfram að gera það. Skipun nefndar til að fjalla um efnið væri einn liður í að skerpa ennfrekar á því starfi.

Virðingarfyllst,

Bernharður Guðmundsson
formaður Félags Sameinuðu þjóðanna